

Brjef stjórnarráðsins til amímannsins yfir Norðuramtinu og Austur- 63
amtinu, um kostnað við fjárskoðanir eptir þaðanir til útrýmingar 19. apríl
fjárkláða. — Með brjefi dags. 19. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent hing-
 að erindi frá framkvæmdarstjóra O. Myklestad, þar sem hann óskar úrskurðar
 stjórnarráðsins um það, hvort kostnaðurinn við fjárskoðanir eptir að þaðanir til
 útrýmingar fjárkláða hafa farið fram eigi að greiðast af hlutadeigandi hreppum
 og sýslum eða úr landssjóði, og hafið þjer jafnframt vísað til brjets landshöfð-
 ingja til yðar dags. 10. okt. f. á. um þetta efni.

Útaf þessu skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og
 birtingar fyrir framkvæmdarstjóra O. Myklestad, að stjórnarráðið verður að fall-
 ast á þá skoðun, sem landshöfðingi hefir haldið fram í ofangreindu brjefi, að
 fjárskoðanir þær, sem fram eiga að fara eptir þaðanir, sjeu einn liður af ráð-
 stöfunum til útrýmingar fjárkláðanum, samkvæmt lögum nr. 41, 13. nóvbr. f. á.,
 og telur því, að kostnaðurinn við fjárskoðanir þessar beri að greiða úr landssjóði
 samkvæmt 3. gr. nefndra laga.

Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vestur- 64
amtinu um sveitfesti þurfalings. — Með brjefi dags. 16. þ. m. hafið þjer, 25. maí
 herra amtmaður, látið uppi álit yðar um erindi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysu-
 strandarhreppi, þarsem hún áfrýjar til stjórnarráðsins úrskurði yðar dagsettum
 9. marz f. á., sem ákveður, að skipstjóri Ólafur B. Waage skuli áltast sveit-
 lægur í fæðingarsveit sinni, hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi.

Meðþvíað stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um það, að eigi
 sje sannað að nefndar Ólafur B. Waage hafi með óslitinni 10 ára dvöl unnið
 sjer rjett til framfærslu utan fæðingarhrepps síns, skal úrskurður yðar standa
 óhaggður.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birt-
 ingar.

Úrskurður amtsins.

Eptirað hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, velborni herra sýslumaður, dags. 12.
 ágúst f. á., þar sem þjer skjótið til amtsins ágreiningi milli yðar og bæjarfógetans í Reykja-
 vik um sveitfesti skipstjóra Ólafs B. Waage, sem varð þurfaudi fátækra styrks hjer í bænum
 í janúar f. á., og eptirað hafa leitað ýmsra upplýsinga í þessu máli, sem nauðsynlegar þóttu
 til þess að úrskurður yrði á það lagður, er það hjermeð úrskurðað á þessa leið:

Fyrnefndur Ólafur B. Waage er fæddur í Suðarkoti í Vogum í hinum forna Vatns-
 leysustrandarhreppi í ágústm. 1858, og er það nú, eptirað ítrekaðar yfirheyrslur um lífsferil
 hans, sem hann hefir átt mjög bággt með að gefa skýrslu um, þótt hann sje maður á bezta
 aldri, hafa framfarið, sannað með vitnisburði tveggja áreiðanlegra manna hjer í bænum, að
 Ólafur B. Waage hafi komið hingað í bæinn haustið 1879, 21 árs gamall, til þess að nema
 sjómannafræði, en ekki 1877, eins og hann áður hafði skýrt frá. Hann hefir síðar játað, að
 vitnisburður þessara manna væri rjettur, en í brjefi hreppsnefndarinnar í Vatnsleysustrandar-

29. dag júnímánaðar 1904.

64 hreppi, dags. 1. maí f. á., er hann sagður vera talinn húsmáður í Innri Njarðvík 1887 og 25. maí 1888. Sjálfur man hann ekki eptir því, með neinni vissu, hvar hann hafi dvalið þessi 2 ár, nje heldur árin 1889 og 1890, en lýsir því yfir, að sje hann skrifaður í kirkjubókunum í Kálfatjarnarprestakalli, þá hafi hann að líkindum verið þar. Apturámóti hefur hann skýrt svo frá, að hann vorið 1891 hafi keypt hús í Nylandugötu hjer í bænum, og búið í því 2 ár. Þá hafi hann farið hjeðan vorið 1893 að Suðurkoti í Vogum, og átt þar eða talið heimili sitt þar þangað til hann fór að Skildinganesi á Seltjarnarнесi vorið 1899. Þaðan flutti hann aptur til bæjarins vorið 1900, og hefir dvalið hjer síðan.

Samkvæmt þessu hefir Ólafur B. Waage hvergi með óslitiuni 10 ára dvöl eptirað hann varð 16 ára að aldri áunnið sjer rjett til framfærslu utan fæðingarhrepps síns, hins forna Vatnsleysustrandarhrepps, sem samkvæmt brjefi landshöfðingja 28. sept. 1889 er skipt í 2 hreppa, Vatnsleysustrandarhrepp og Njarðvíkurhrepp, og er því hjermeð úrskurðað, að hann skuli álitast sveitlægur í hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni í nefndum hreppi, eða hreppsnefndunum í Vatnsleysustarndarhreppi og Njarðvíkurhreppi.

65 **Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Sudurarstinu og Vestur-**
30. maí **amtinu um flutning þingstaðar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amt-
maður, í brjefi, dagsettu 25. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Sljettuhreppi, vill stjórnarráðið hjermeð veita samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Sljettu að Hesteyri með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

66 **Brjef stjórnarráðsins til stiftsyfirvaldsins um sölu kirkjujarðar.**
6. júní Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 17. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Kross á Barðaströnd, sem heyrir undir Brjánslækjarprestakall í Barðastrandarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 850 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minsta kosti 4⁰/₀, að 2 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bændaeygu að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að, ef höfuðstólnum verður varið til að kaupa fyrir veddeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.